

TTAR-

2. arg. 1. töl.

mars 1985

PÓSTURINN

SKÓGARGERÐISÆTTSKÓGARGERÐISÆTTSKÓGARGERÐISÆTTSKÓGARG

Já, SKÓGARGERÐISÆTT, hvaða ætt er það? - Í síðasta blaði voru svör við þessu losaraleg og verður nú að nokkru bætt úr því.

Til Skógargerðisættar teljast afkomendur Helga Indriðasonar og Ólafar Helgadóttur. Þau fluttust að Skógargerði vorið 1882, þá nýlega gift, og bjuggu þar síðan allan sinn búskap.

Börn þeirra voru sjö: Gísli bóndi í Skógargerði, Indriði rafvirkjameistari á Akureyri, Þórhallur bóndi á Ormsstöðum, Hallgrímur bóndi síðast búsettur á Seyðisfirði, Guðrún og Margrjet leingst á Seyðisfirði og Guðlaug sem dvaldi alla æfi í Skógargerði. Þessi systkin eru nú öll látin. Þær Margrjet og Guðlaug ógiftar og barnlausar en afkomendur hinna eru nú orðnir margir.

Af þeim tíðindum, sem nú voru rakin, má ljóst vera að ættarmótið - sem nú nálgast óðum (sjá bls. 2) - er opið öllum afkomendum þeirra Ólafar og Helga. Ættarpóstinum er sönn ánægja að því að leiða þessa staðreynd í ljós og væntir þess að þátttaka verði almenn.

Æ T T A R M Ó T Í S K Ó G A R G E R Ð I

6. - 7. J Ú L Í 1 9 8 4

TIL AÐ BYRJA MEÐ:

Tjaldstaði verða til reiðu í Skógargærði frá og með föstudegi 5. júlí. Þar verður komið á fót upplýsinga-miðstöð í stóru tjaldi sem verður þarna til sameiglegra nota eftir því sem þörf krefur. - Þeim sem heldur vilja búa í húsum má benda á nálæga gististaði á Egilsstöðum eða Eiðum, einnig þann kost að kanna alþekta gestrisni hjá frændfólki eystra.



D R Ö G A Ð D A G S K R Á

Laugardagur 6. júlí:

Kl. 10.00 Mótið sett. Eftir það er fyrirhugað að hafa uppi fræðslu um stað og ætt, skoðunarferðir um nánasta umhverfi og/eða aðra dægrastyttíngu.

Kl. 19.00 Sameiginleg grillmáltíð (Grill á staðnum).

Dagskrá laugardags hlýtur að fara nokkuð eftir skapi veðurguða. Verði þeir reiðir - sem ótrúlegt mjög má þykja - munu samkomur haldnar í stóra tjaldinu.

Sunnudagur 7. júlí:

Kl. 10.00 Áætluð er skoðunarferð um Upphjerað (Fell-Fljótsdal - Skóga) og/eða önnur dægrastyttíng.

Kl. 17.00 Kvöldverður í Valaskjálfi, Egilsstöðum, þar sem mótinu lýkur seinna um kvöldið (nóttina).

Þessi dagskrá er ekki tíunduð í smáatriðum. Fastir þúktar eru innrammaðir og er þess vænst að menn virði þær tímasetningar. - Annars er reiknað með

margskonar uppákomum og eru mótsgestir beðnir að íhuga að allir þurfa þar að leggja sitt af mörkum (Sem sagt: Farið að undirbúa skemtiatriði).

→ T I L K Y N N Í N G A R U M Þ Á T T Ö K U

Takið nú vel eftir, góðir hálsar: ÞÁTTÖKU ÞARF AÐ TILKYNNNA FYRIR 1. JÚNÍ. Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um eftirtalin atriði:

1. Fjöldi fullorðinna? fjöldi barna?
2. Ætla menn að tjalda í Skógargærði?
3. Ætla menn að vera báða daganá eða annan og þá hvorn?

Gætið þess að þið þurfið ekkert síður að láta vita ef þið ætlið ekki að mæta (Sá möguleiki er nú trúlega varla til). - Gerið nú upp hug ykkar sem fyrst og þið auðveldið allan undirbúning til muna.

ÞÁTTÖKUGJALD fyrir 12 ára og eldri **KR. 200**.

Eftirtaldir taka við tilkynningum um þátttöku:

<u>Á Hjeraði:</u>	Helgi Gíslason Helgafelli. Sími (97)1164
<u>Við Þistilfjörð:</u>	Dagný Marinósdóttir Sauðanesi. Sími (96)81111
<u>Á Akureyri:</u>	Hulda Gísladóttir Spítalaveg 21. Sími (96)21112.
<u>Í Reykjavík:</u>	Indriði Gíslason Barmahlíð 32. Sími (91)25743.
<u>Í Garðabæ:</u>	Smári Hermannsson Aratúni 15. Sími (91)42757.


H I T T U M S T H E I L Í S K Ó G A R G E R Ð I

"Ú R Æ T T A N N A K Y N L E G A B L A N D I"

Hjer er ekki rúm til að rekja sögu þeirra merkis-
hjóna, Helga og Ólafar í Skógargærði. Það verður
væntanlega gert á ættarmótinu. Þau hjón voru skyld
(að þriðja og fjórða) eins og nú verður sýnt.

Maður hjet Ásmundur og var Helgason, Ólafssonar
bónda á Svertíngsstöðum í Eyjafirði. Ásmundur dó
1786 á Hvalnesi í Lóni en þar hafði hann búið síð-
ari ár sín. Það var í Móðuharðindunum. Bróðir Ás-
mundar var Jón sýslumaður í Hoffelli í Nesjum en
af honum er komið margt manna í Skaftafellspingi
og víðar.

Synir Ásmundar voru þeir Indriði og Hallgrímur.
Þeir fluttust austur í Skriðdal uppúr Móðuharð-
indum og gerðust þar höfðingjar: Indriði á Borg,
Hallgrímur í Sandfelli. Þau Skógargærðishjón,
Helgi og Ólöf, voru komin hvort af sínum bróður:



Þetta nefna fróðir menn Ásmundssonaætt og er margt
stórmenni af henni komið. Næst: Njarðvíkurætt.

➔ NÍÐJATAL. Upplýsingar heimtast illa. Gerð skil.

ÆP. Ritstjórn og afgreiðsla: Indriði Gíslason
Barmahlíð 32 105 Reykjavík.